



Umboðsmaður barna
Hverfisgötu 4-6
101 Reykjavík

Dagsetning 25.9.2025
Málsnúmer DMR25090013

Ráðuneytið vísar til erindis yðar frá 26. ágúst sl. varðandi eftirfylgni ráðuneyta með niðurstöðum barnaþings sem umboðsmanni ber að standa fyrir annað hvert ár samkvæmt lögum um umboðsmann barna nr. 83/1994. Samkvæmt lögum skal umboðsmaður barna halda barnaþing annað hvert ár og skulu niðurstöður og ályktanir þingsins kynntar í ríkisstjórn. Í erindi yðar kemur fram að barnaþing hafi verið haldið þrisvar og eftir hvert þing hafi umboðsmaður barna afhent ríkisstjórn skýrslu með niðurstöðum þingsins.

Samkvæmt þingsályktun um barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt var á Alþingi 10. júní 2021 var gert ráð fyrir að niðurstöður barnaþings yrðu nýttar markvisst við opinbera stefnumótun hjá stjórnvöldum og eftirfylgni með niðurstöðunum innan Stjórnarráðsins tryggð. Ábyrgð á þeirri aðgerð var skilgreind á höndum forsætisráðuneytis og félagsmálaráðuneytis en stýrihópi Stjórnarráðsins í málefnum barna og umboðsmanni barna var falin framkvæmdin. Eins og kemur fram í erindi yðar hefur stýrihópur Stjórnarráðsins nú útbúið verklag um úrvinnslu á niðurstöðu barnaþings, sbr. aðgerð 1.4 í þingsályktun um barnvænt Ísland, og var verklagið kynnt stýrihópi Stjórnarráðsins í málefnum barna fyrr á þessu ári. Ákveðið var að ekki yrði unnið eftir verklaginu fyrr en eftir næsta barnaþing sem haldið verður í nóvember á þessu ári.

Í erindi yðar kemur fram að tilvist framangreinds verklags væri þó ekki forsenda þess að stjórnvöld fylgi eftir niðurstöðum barnaþings og hafi umboðsmaður barna gengið út frá því að niðurstöður þess hafi verið teknar til skoðunar innan Stjórnarráðsins. Þá kemur fram í erindi yðar að fjórða barnaþing umboðsmanns barna yrði haldið 20. og 21. nóvember nk. og fyrir þingið myndi umboðsmaður gefa út skýrslu um stöðu málefna barna. Að mati umboðsmanns væri mikilvægt að í þeirri skýrslu verði gerð grein fyrir aðkomu stjórnvalda að barnaþingi og upplýsingar veittar um hvernig hafi verið unnið með niðurstöður frá fyrri barnaþingum og hvaða áhrif þátttaka barna hefur haft innan Stjórnarráðsins. Var því óskað eftir upplýsingum frá ráðuneytinu um hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við niðurstöðum barnaþings árin 2019, 2022 og 2023. Var þess óskað að upplýsingar yrðu sendar eigi síðar en 25. september.

Hvað varðar aðkomu ráðuneytisins að barnaþingi og niðurstöðum þess ber fyrst að geta þess að fulltrúar ráðuneytisins hafa tekið þátt í barnaþingi frá upphafi, auk sem ráðuneytið á sæti í stýrihóp Stjórnarráðsins í málefnum barna þar sem rætt hefur verið um niðurstöður barnaþings. Þá hefur ráðuneytið unnið að því að fylgja eftir lokaathugasemdom nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, í samvinnu við stýrihóp Stjórnarráðsins um mannréttindi. Aftur á móti má geta þess að athugun ráðuneytisins leiddi í ljós að skýrslur umboðsmanns barna frá barnaþingum hafa ekki verið sendar til ráðuneytisins með formlegum hætti til frekari eftirfylgni og skráningar, heldur aðeins afhentar fulltrúum ríkisstjórnar í tengslum við fundi ríkisstjórnarinnar. Gögn frá ríkisstjórnarfundum fara almennt ekki sjálfkrafa til skráningar og meðferðar í ráðuneytinum. Telur ráðuneytið því að verklag það sem ákveðið hefur verið að vinna eftir næsta barnaþing sé til bóta til þess að fylgja með markvissari hætti eftir niðurstöðum barnaþings. Ráðuneytið leggur til að fyrir utan að umboðsmaður barna kynni niðurstöður í ríkisstjórn verði verklagið á þann hátt að umboðsmaður barna sendi einnig afrit af niðurstöðum barnaþings til viðkomandi ráðuneyta auk þess að kynna niðurstöður fyrir stýrihóp Stjórnarráðsins í málefnum barna sem mun hafa tilgreint hlutverk hvað varðar eftirfylgni.

Hvað varðar þær ábendingar sem koma fram í skýrslum barnþings og heyra undir ráðuneytið þá verður hér fyrir neðan gert grein fyrir nokkrum atriðum, en ljóst er að ýmis atriði sem rædd hafa verið á barnþingi hafa komið á einhvern hátt til skoðunar í ráðuneytinu.

Kosningaaldur (að lækka kosningaaldur í 16 ár)

- Ráðuneytið bendir á að það er bundið í stjórnarskrá Íslands að til þess að geta kosið í alþingiskosningum verði kjósendi að vera orðinn 18 ára. Það sé því ekki einföld lagabreyting að lækka kosningaaldur í 18 ár við alþingiskosningar. Hvað varðar kosningarrétt til sveitarstjórna þá er 18 ára aldurinn bundinn í kosningalögum nr. 112/2021 en ekki í stjórnarskrá. Það hefur farið saman að vera kjörgengur og að eiga kosningarrétt. Skoða þyrfti mjög vel ef slíta ætti sundur réttinn til að kjósa og réttinn til að bjóða sig fram. Byggt hefur verið á því að kjörnir fulltrúar hafi náð lögræðisaldri enda er kjörnum fulltrúum falið að taka ákvarðanir m.a. um meðferð fjármuna og annað sem áhrif hefur jafnvel á stóran hóp manna. Það hefur ekki komið til sérstakrar skoðunar í ráðuneytinu undanfarið að leggja til breytingar á kosningaaldri.

Réttindi barna (að hlustað sé á börn)

- Í barnalögum er kveðið á um rétt barns til að tjá sig í öllum málum er það varða og að tekið skuli réttmætt tillit til skoðana barns í samræmi við aldur og þroska. Gerðar voru ýmsar breytingar á barnalögum með lögum nr. 28/2021 sem tóku gildi 1. janúar 2022, þ. á m. breytingar á orðalagi 33. gr. a og 43. gr. barnalaga með það að markmiði að styrkja rétt barns til að tjá sig við sáttameðferð og úrlausn ágreiningsmála fyrir dómstólum. Á sama tíma var einnig lögfest mikilvægt nýmæli, sem gerir ráð fyrir að barn geti haft frumkvæði að því að sýslumaður boði foreldra til samtals til að ræða fyrirkomulag forsjár, lögheimili, búsetu og umgengni. Markmiðið með ákvæðinu er að styrkja rétt barns til að beita sér í málum sem líkleg eru til að hafa grundvallaráhrif á velferð þess og liðan. Í reglugerð nr. 1450/2021 um ráðgjöf, sáttameðferð og samtal að frumkvæði barns á grundvelli barnalaga nr. 76/2003, er lögð rík áhersla á sjónarhorn barnsins í sáttameðferð. Þegar rætt er við barn í tengslum við sáttameðferð skal haga viðtölum þannig að barnið eigi sem auðveldast með að tjá frjállega sjónarmið sín og tekið skal viðeigandi tillit til sértækra þarfa barns. Heildarendurskoðun barnalaga er nú í gangi og mun koma í ljós hvort ástæða sé til að árétta sjónarmið um réttindi barns ennfrekar í barnalögum.

Kynferðislegt ofbeldi

- Ýmislegt hefur verið gert á undanförunum árum til að taka á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Má sem dæmi nefna að sérstakur stýrihópur sem leiddur er af ráðuneytinu hefur unnið að því að fylgja eftir þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlum um aðgerðir fyrir árin 2021-2025. Finna má mælaborð um stöðu aðgerða á vef ráðuneytisins. Undirbúningur að nýrri áætlun er hafinn innan ráðuneytisins og stefnt er að því að leggja hana fram á vörpingi 2026.
- Á undanförunum árum hefur verið unnið að úrbótum við meðferð kynferðisbrota í réttarkerfinu og stuðla að bættri upplifun þolenda, þar á meðal barna. Þá hefur ráðherra boðað enn frekari aðgerðir til að auka vernd brotapolá. Í ráðuneytinu er m.a. verið að vinna nýja landsáætlun um kynbundið ofbeldi, en þar verður að finna aðgerðir sem varða börn.

Jafnréttismál

- Ýmislegt hefur verið gert á undanförunum árum til að stuðla að auknu jafnrétti. Má til dæmis nefna framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2020-2023, en

upplýsingar um stöðu aðgerða má finna á vef ráðuneytisins. Í þeirri áætlun var að finna ýmsar aðgerðir sem varða börn sérstaklega, s.s. um lengingu fæðingarorlofs, brotthvarf drengja og nemenda með annað móðurmál en íslensku úr námi, jafnrétti og kynbundið námsval, jafnrétti í félagslífi framhaldsskóla, jafnrétti og öryggi í leik-, grunn- og framhaldsskólum og jafnrétti og öryggi í íþrótt- og æskulýðsstarfi og forvarnir gegn kynbundnu brotthvarfi úr íþróttum.

- Ný framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2026 til 2029 hefur verið lögð fram á Alþingi. Þar má finna ýmsar aðgerðir sem er ætlað að stuðla að auknu jafnrétti, þar á meðal aðgerðir sem varða börn sérstaklega. Sem dæmi má nefna áframhaldandi aðgerðir gegn brotthvarfi drengja og nemenda með annað móðurmál en íslensku úr námi. Einnig má finna aðgerðir sem miða að því að tryggja jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum og aukna þekkingu starfsfólks í framhaldsskólum á sviði kynja- og jafnréttisfræðslu. Þá má nefna uppfærslu á gátlista fyrir námsefnishöfunda með hliðsjón af jafnrétti og fjölbreytileika og vitundarvakningu um jafnréttismál í framhaldsskólum, sem miða m.a. að aukinni þekkingu á EKKO-málum (Einelti, kynbundin og kynferðisleg áreitni og ofbeldi). Einnig er að finna nokkrar aðgerðir um jafnrétti í íþróttum. Sjá nánar á vef Alþingis.

Réttindi hinsegin fólks

- Fyrsta aðgerðaáætlunin í málefnum hinsegin fólks var samþykkt árið 2022 fyrir árin 2022-2025. Áætlunin miðar að því að bæta stöðu og réttindi hinsegin fólks, en mælaborð um stöðu aðgerða má finna á vef ráðuneytisins. Í áætluninni má finna ýmsar aðgerðir sem varða börn, s.s. um líðan hinsegin barna í skólum og hinsegin börn og ungmenni í íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi.
- Nýlega voru birt drög að nýrri aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2026 til 2029 í samráðsgátt stjórnvalda. Í þeirri áætlun er sérstakur kafli um börn, þar sem m.a. má finna aðgerðir sem miða að auknum sýnileika hinseginleika í grunnskólum og endurskoðun á orðalagi aðalnámskráa leik-, grunn- og framhaldsskóla. Einnig má finna aðgerðir sem miðar að því að hvetja skóla til að setja sér stuðningsáætlanir fyrir hinsegin nemendur, reglulegar úttektir á líðan hinsegin barna og ungmenna og starfsþróunarnámskeið fyrir starfsfólk skóla og frístundastarfs. Í kaflanum er einnig að finna aðgerð um stuðning við börn og forsjáraðila barna með kynama og aðgerð sem lýtur að stuðningi við börn með ódæmigerð kyneinkenni (intersex) og forsjáraðila þeirra.

Fólk á flóttu – börn á flóttu

„Hvernig getum við passað að allir sem koma að okkar landi fái sanngjarna meðferð?“

- Meðferð umsókna um alþjóðlega vernd, þar með talið umsóknir barna, er bundin í lög og taka mið af meginreglum Flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna. Hver og ein umsókn um vernd tekur mið af einstaklingsbundnum grundvelli og ákvarðanir Útlendingastofnunar eru kærnanlegar til kærunefndar útlendingamála, sem er sjálfstæð stjórnarsýslunefnd og hefur sömu valdheimildir og ráðherra á kærustigi. Þá geta einstaklingar leitað með ákvarðanir til dómstóla.
- Þá eru í gildi verklagsreglur hjá Útlendingastofnun um mat á hagsmunum barna, þar á meðal fylgdarlausra barna, sem sækja um alþjóðlega vernd hér á landi. Reglunum fyrst og fremst ætlað að tryggja að málsmeðferð stofnunarinnar í málum barna sem sækja um alþjóðlega vernd hér á landi sé í samræmi við lög og alþjóðlegar skuldbindingar og tryggja að fram fari heildstætt og einstaklingsbundið mat á hagsmunum barna vegna umsókna þeirra um vernd hér á landi og að öryggi

barns, velferð þess og félagslegur þroski skuli hafður að leiðarljósi á öllum stigum málsmeðferðar stofnunarinnar.

„Hvernig getum við hjálpað flóttafólki að fá kennitölu fyrir til þess að auka réttindi þeirra?“

- Réttindi einstaklinga sem sækja um vernd hér á landi eru ekki bundin við útgáfu kennitölu og kennitala gefur í reynd aðeins til kynna skráningu einstaklings hjá Þjóðskrá. Þegar einstaklingur hefur fengið stöðu flóttamanns fær viðkomandi úthlutað kennitölu samhliða útgáfu dvalarleyfis á grundvelli alþjóðlegrar verndar.

„Hvernig væri hægt að passa að öll börn eigi heimili? Líka þau sem hafa flúið heimili sín.“

- Öllum börnum sem sækja um alþjóðlega vernd hér á landi er tryggt húsnæði, á öllum stigum málsmeðferðar og eftir að henni lýkur, hvort sem að niðurstaða stjórnvalda um vernd hér á landi sé jákvæð eða neikvæð. Sé reyndin sú að barni sé ekki veitt dvalarleyfi hér á landi í kjölfar málsmeðferðar er húsnæði eftir sem áður tryggt allt þar til að barn fer af landi brott sbr. ákvæði 33. gr. laga um útlendinga. Meðan á málsmeðferð stendur ber Vinnumálastofnun, f.h. félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, ábyrgð á að tryggja umsækjendum – þar á meðal börnum, viðunandi húsnæði meðan á meðan umsókn er til meðferðar hjá stjórnvöldum.

„Barnabíngmenn vilja að öryggi barna á flótta verði betur tryggt, þau vilja að flóttafólk fái meiri stuðning og að hætt verði að vísa fólki úr landi. Þá vilja þau einnig að það sé auðveldara að fá íslenska kennitölu.“

- Ísland er bundið af alþjóðlegum skuldbindingum hvað brottvísanir varðar. Ísland er þar skuldbundið til að tryggja það að einstaklingur, sem ekki hefur heimild til dvalar hér á landi og eftir atvikum innan Schengen-svæðisins yfirgefi landið og eftir atvikum Schengen-svæðið. Þetta er gert með annað hvort samstarfi við viðkomandi útlending þar sem honum er boðin aðstoð við sjálfviljuga heimför og í undantekningartilvikum með þvinguðum flutningi í fylgd yfirvalda. Við allar ákvarðanir um brottvísanir er tekið tillit til aðstæðna einstaklings og hvort að sjónarmið um „non-refoulement“ eigi við aðstæður viðkomandi. Brottvísanir þeirra sem ekki hafa heimild til dvalar á Íslandi er lykilþáttur í tryggri innflytjendastefnu.

Fyrir hönd ráðherra,


Rósa Dögg Flosadóttir


Svanhildur Þorbjörnsdóttir